

REGLUGERÐ UM LOTTÓ OG LOTTÓÚTHLUTANIR

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir.

Greinargerð:

Nýt reglugerð tók gildi á árinu 2024. Við greiðslur til sambandsaðila um áramót kom í ljós að hagstofan birtir ekki tölur fyrir 31. desember fyrr en 3-4 mánuðum síðar. Mikilvægt er að tölur séu einungis uppfærðar einu sinni á ári og ekki þurfi að fara í aðgerðir til að leiðrétta úthlutun síðar á árinu. Það er ástæða þess að lagt er til að viðmiðunartölur séu uppfærðar einu sinni á ári, og notast sé við þær tölur sem eru til staðar í byrjun hvers árs.

Einnig hefur komið fram í umræðum fjárhags- og greiningarnefndar og stjórnar UMFÍ hugmyndir um breytingar á reglugerð fræðslu- og verkefnasjóðs á þann hátt að UMFÍ geti ekki sótt í sjóðinn lengur. Af þeim sökum er lögð til breyting á hlutfalli í sjóðinn um 2% og þau fari til UMFÍ í sameiginleg verkefni fyrir sambandsaðila. Hugmyndir eru uppi um að fjármagnið geti t.d. nýst í að greiða fyrir fulltrúa sambandsaðila á þing, í sameiginleg verkefni eins og aðgang að bókhaldskerfi og þ.h.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr reglugerðinni og undirstrikaður texti er nýr.

Lottóreglur og lottóúthlutanir

I. Skipting lottótekna UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- ~~14%~~ 16% til UMFÍ.
- ~~7%~~ 5% til fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna til sambandsaðila UMFÍ

- Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:
- 15% til reksturs ~~svæðisskrifstofa~~ svæðisstöðva íþróttahéraða.
- 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri ~~31. desember næstliðins árs.~~

III. Regla vegna skiptingar til reksturs ~~svæðisskrifstofa~~ svæðisstöðva íþróttahéraða

- Úthlutun á hluta til reksturs ~~svæðisskrifstofa~~ svæðisstöðva íþróttahéraða er ekki háð skilyrðum.

IV. Regla vegna skiptingar til sambandsaðila

- Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

Eigi íþróttahérað ekki aðild að UMFÍ skal hlutur þess reiknaður í samræmi við reglurnar um íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs. Hlutdeild íþróttahéraðsins er deilt út til UMFÍ en áður skal taka tillit til þess að ef innan íþróttahéraðsins sé félag með beina aðild að UMFÍ þá fær viðkomandi félag fjárhæð sem nemur hlutdeild þess af iðkendum 18 ára og yngri innan íþróttahéraðsins skv. nýjustu starfsskýrsluskilum í skilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

V. Um úthlutun

- Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Fyrirvari

- ~~Þessar breytingar taka gildi eftir að samningar nást við ríkisvaldið um að það leggi fram sambærilegan fjárhagslegan stuðning til svæðisskrifstofa íþróttahéraða, m.a. með vísan til farsældarlaga nr. 86/2021. Fram til þess tíma gilda áðurgildandi reglur. Hafi samkomulag milli UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvalda ekki náðst fyrir sambandsþing UMFÍ 2025, skal sambandsþing þá taka afstöðu til framhalds málsins.~~
- Sé fjármögnun til svæðisstöðva íþróttahéraða frá ríkisvaldi ekki framlengd skal taka afstöðu til framhalds málsins á sambandsráðsfundi 2026.

* Notast skal við útgefnar tölur frá Hagstofu Íslands í janúar ár hvert og greitt út eftir þeim út árið.

Samþykkt á 543. Sambandsþingi UMFÍ ~~2023 í Haukadal~~ 2025 í Stykkishólmi

Vísað til: